



Ákvörðun stjórnar um greiðslu úr innstæðudeild í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar – samantekt

- Landsbanki Íslands hf. varð fyrsta aðildarfyrirtæki innlánsdeildar TIF til að teljast ófært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (itfl.), samkvæmt álit Fjármálaeftirlitsins dags. 27. október 2008.
- Til greiðslu til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. koma allir fjármunir og aðrar eignir innstæðudeildar TIF sem voru til staðar hinn 27. október 2008, auk þeirrar ávöxtunar sem þeir fjármunir hafa borið frá þeim tíma.
- Greiðslur fara fram í íslenskum krónum. Í tilviki Landsbanka Íslands hf. verður því lokagengi 27. 2008 október notað við útreikning innstæðna.
- Fyrir liggur að eigið fé TIF í árslok 2008 nam um 16 milljörðum kr. en kröfur sem gerðar hafa verið á hendur TIF nema margfaldri þeirri fjárhæð. Ljóst er því að sjóðurinn mun tæmast við fyrstu greiðslu til kröfuhafa Landsbanka Íslands hf.
- Fyrirsjáanlegt er að TIF mun ekki ná að greiða innlánseigendum Landsbanka Íslands hf. lágmarkstryggingu við fyrstu greiðslu. Það er því afstaða stjórnar TIF að endurheimtur þær sem fást upp í kröfur TIF við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. eigi að nota til þess að greiða þeim kröfuhöfum sem ekki hafa fengið lágmarkstryggingu greidda.
- Þeir fjármunir sem fást greiddir við slitameðferð Landsbanka Íslands hf. verða notaðir til að inna af hendi viðbótargreiðslu til þeirra innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. sem ekki fengu lágmarkstryggingu greidda við fyrstu útgreiðslu úr sjóðnum. Lágmarkstrygging samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999 í tilviki Landsbanka Íslands hf. er reiknuð með því að nota kaupgengi evru þann 27. október 2008. Lokagengi (kaupgengi) evru hjá Seðlabanka Íslands þann dag var 151,58 og er íslensk fjárhæð lágmarkstryggingarinnar því kr. 3.166.051.
- Afleiðing þessarar ákvörðunar er sú að engar eignir teljast hafa verið til staðar í TIF þegar álit Fjármálaeftirlitsins var gefið út um ógjaldfærni Kaupþings banka hf. og Glitnis banka hf. Fyrirséð er því að kröfuhafar þeirra banka fá ekki greiðslur úr TIF.
- Greiðslur iðgjalda til TIF mynduðu nýjan sjóð frá og með gjalddaga ársins 2009 og er rétt að líta svo á að þeir fjármunir standi til útgreiðslu fyrir innstæðueigendum fjármálafrýrtækja sem Fjármálaeftirlitið lýsti ógjaldfær eftir það tímamark.
- Þegar kemur til greiðslu TIF á tryggðum innstæðum lítur stjórn TIF svo á að sjóðurinn yfirtaki alla kröfu innstæðueiganda á hendur viðkomandi fjármálafrýrtæki í samræmi við 3. mgr. 10. gr. laga nr. 98/1999. TIF fær því alla greiðsluna til sín við endurheimtur frá aðildarfyrirtæki en greiðir síðan innstæðueiganda það sem honum ber, að



fráðreginni þeirri fjárhæð sem kröfuhafinn hefur þegar fengið greidda úr innstæðudeild TIF.

- Af þessum sökum hefur TIF í ákvörðun sinni skorað á kröfuhafa Landsbanka Íslands hf. að framselja kröfu sína til TIF innan tveggja mánaða frá birtingu ákvörðuninnar. Hafni innstæðueigandi því að framselja kröfu sína til TIF verður þess krafist að hann afsali sér rétti sínum til að fá greiðslu úr sjóðnum.
- Í ljósi reglna nr. 370/2010 um gjaldeyrismál, sem stöðva tímabundið fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti til og frá Íslandi, verða greiðslur til innstæðueigenda lagðar inn á reikning hjá íslenskri innlánsstofnun að vali hvers og eins. Ef ekki kemur fram sérstök ósk af hálfu innstæðueiganda um það inn á hvaða reikning greiðsluna eigi að leggja, verður hún geymd á sérstökum vörslureikningi hjá TIF þar til greiðslufyrirmæli berast frá kröfuhafa.
- TIF mun nýta sér kröfur sem Landsbanki Íslands hf. á til skuldajafnaðar við kröfu innlánseigenda. Þeir sem skulda bankanum kröfu sem tæk er til skuldajafnaðar fá greiðslu í formi lækkunar á þeirri kröfu en ekki í reiðufé.
- TIF mun gæta hagsmuna innstæðueiganda með þeim hætti sem sjóðurinn telur réttast hverju sinni að teknu tilliti til kostnaðar og líkinda á að aðgerðir beri árangur. Telji TIF ekki rétt að láta reyna á ágreiningsmál fyrir dómi gagnvart aðildarfyrirtæki eða þrotabúi getur sjóðurinn framselt kröfu aftur til innstæðueiganda, fari hann fram á slíkt framsal. Stjórn TIF telur að skylt sé að framselja kröfu aftur til innstæðueiganda í slíkum tilvikum en þó ekki þann hluta hennar sem TIF hefur greitt innstæðueigandanum.
- Í ljósi þess vafa sem enn ríkir er greiðslum úr sjóðnum frestað þar til unnt verður að leggja mat á hverjir eru réttmætir kröfuhafar sjóðsins og hversu mikið unnt er að greiða hverjum þeirra. Útgreiðsla til innstæðueigenda Landsbanka Íslands hf. fer ekki fram fyrr en óvissu hefur verið eytt eða hún minnkað þannig að ásættanleg sé fyrir TIF að mati stjórnar.
- TIF hefur skorað á alla kröfuhafa sjóðsins að koma skriflega á framfæri athugasemdum og andmælum sínum vegna ákvörðunar þessarar innan tveggja mánaða frá birtingu tilkynningar um ákvörðun stjórnar en eiga ella á hættu að glata rétti sínum vegna tómlætis.
- Skriflegar athugasemdir skulu berast sjóðnum annað hvort í gegnum tölvupóstinn *tif@tif.is* eða á eftirfarandi pósthfang: *Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, b.t. stjórnar TIF, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.*